

Mannréttinda- og Lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

b.t. Heimis Snæs Guðmundssonar

Starfsmanns íbúaráða

Reykjavík, 7. nóvember 2022

Efni: Svar við fyrirspurn íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um úthlutaðar en óbyggðar lóðir

Vísað er til fyrirspurnar sem lögð var fram á fundi íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals þann 19. október sl. Íbúaráðið óskar eftir upplýsingum um stöðu á úthlutaðum en óbyggðum í eldri hluta Úlfarsárdals og hvort eitthvað hafi breyst frá síðustu fyrirspurn í september 2021.

Í tilefni af fyrirspurninni spurði skrifstofa borgarstjóra og borgarritara byggingarfulltrúa um stöðu sjö lóða.

Eitt hús var orðið fókheld á árinu, byggingarleyfi hafði verið veitt fyrir fimm húsum frá síðustu fyrirspurn en ekkert er skráð í gagnaskrá byggingarfulltrúa um eina lóð.

Eftir að ýtt var við lóðarhöfum hefur ýmislegt gerst á svæðinu en Reykjavíkurborg mun áfram fylgjast með því að framkvæmdafrestir séu virtir á svæðinu og leggja mat á hvort ástæða sé til að afturkalla lóðarúthlutun líkt og borgarráð hefur heimild til skv. gr. 1.14 í tilvitnuðum almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum.

Brynhildur Bolladóttir,

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara